



Velferðarvaktin
Félags- og tryggingamálaráðuneyti

16. september 2009

Til sveitarstjórna og skólanefnda sveitarfélaganna.

Tryggt verði að öll börn fái hádegisverð í skólum landsins

Velferðarvaktin var skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra í febrúar síðastliðnum í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá febrúar 2009. Vaktinni er ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu og leggja til aðgerðir í þágu heimilanna. Í fyrstu áfangaskýrslu sinni til félags- og tryggingamálaráðherra í mars lagði stýrihópur Velferðarvaktarinnar það til að tryggt yrði að öll börn fái hádegisverði í skólum landsins. Þessi tillaga vaktarinnar var tekin upp í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar frá mars 2009 þar sem lagt var til að leitað yrði leiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga til að tryggja að öll börn fái hádegisverð í skólum landsins. Rétt er í þessu sambandi að greina frá því að Finnar telja að sú staðreynd að öll börn í finnskum grunnskólum hafi fengið hádegisverð í skólum landsins hafi átt ríkan þátt í að draga úr alvarlegum afleiðingum efnahagskreppunnar á börn þar í landi í upphafi 10. áratugar síðustu aldar.

Í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga beinir Velferðarvaktin því til sveitarstjórna og skólanefnda að tryggt verði með öllum tiltækum ráðum og fylgst með að börn í skólum á þeirra vegum fái alla skóladaga hádegisverð. Í þessu sambandi er athygli vakin á 23. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, en þar segir meðal annars: „Í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið.“

Nánari upplýsingar um Velferðarvaktina er að finna á heimasíðu vaktarinnar
<http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/>

Með góðum kveðjum,

formaður Velferðarvaktarinnar